

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/999

2017/EES/67/76

frá 13. júní 2017

um breytingu á XIV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB ⁽¹⁾, einkum 58. gr. og 131. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Efnið 1-brómprópan (n-própýlbrómíð) uppfyllir viðmiðanir fyrir flokkun sem efni sem hefur eiturhrif á æxlun (undirflokkur 1B) í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ⁽²⁾ og uppfyllir þar af leiðandi viðmiðanir fyrir færslu á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 skv. c-lið 57. gr. þeirrar reglugerðar.
- 2) Efnið díísópentýlþalat uppfyllir viðmiðanir fyrir flokkun sem efni sem hefur eituráhrif á æxlun (undirflokkur 1B) í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og uppfyllir þar af leiðandi viðmiðanir fyrir færslu á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 skv. c-lið 57. gr. þeirrar reglugerðar.
- 3) Efnið 1,2-bensendíkarboxýlsýra, dí-C6–8-greinóttir alkýlesterar, C7–auðug uppfyllir viðmiðanir fyrir flokkun sem efni sem hefur eituráhrif á æxlun (undirflokkur 1B) í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og uppfyllir þar af leiðandi viðmiðanir fyrir færslu á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 skv. c-lið 57. gr. þeirrar reglugerðar.
- 4) Efnið 1,2-bensendíkarboxýlsýra, dí-C7–11-greinóttir og línulegir alkýlesterar uppfyllir viðmiðanir fyrir flokkun sem efni sem hefur eituráhrif á æxlun (undirflokkur 1B) í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og uppfyllir þar af leiðandi viðmiðanir fyrir færslu á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 skv. c-lið 57. gr. þeirrar reglugerðar.
- 5) Efnið 1,2-bensendíkarboxýlsýra, dípentýlester, greinótt og línuleg uppfyllir viðmiðanir fyrir flokkun sem efni sem hefur eituráhrif á æxlun (undirflokkur 1B) í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og uppfyllir þar af leiðandi viðmiðanir fyrir færslu á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 skv. c-lið 57. gr. þeirrar reglugerðar.
- 6) Efnið bis(2-metoxýetýl)þalat uppfyllir viðmiðanir fyrir flokkun sem efni sem hefur eituráhrif á æxlun (undirflokkur 1B) í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og uppfyllir þar af leiðandi viðmiðanir fyrir færslu á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 skv. c-lið 57. gr. þeirrar reglugerðar.
- 7) Efnið dípentýlþalat uppfyllir viðmiðanir fyrir flokkun sem efni sem hefur eituráhrif á æxlun (undirflokkur 1B) í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og uppfyllir þar af leiðandi viðmiðanir fyrir færslu á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 skv. c-lið 57. gr. þeirrar reglugerðar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 150, 14.6.2017, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 170/2017 frá 22. september 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og þökkun efna og blandna (Stjtið. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

- 8) Efnið N-pentýl-ísopentýlþalat uppfyllir viðmiðanir fyrir flokkun sem efni sem hefur eituráhrif á æxlun (undirflokkur 1B) í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og uppfyllir þar af leiðandi viðmiðanir fyrir færslu á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 skv. c-lið 57. gr. þeirrar reglugerðar.
- 9) Þegar efnið antrasenólía inniheldur hlutfall af bensó[a]pýreni uppfyllir það viðmiðanir fyrir flokkun sem krabbameinsvaldandi efni (undirflokkur 1B) í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og uppfyllir þar af leiðandi viðmiðanir fyrir færslu á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 skv. a-lið 57. gr. þeirrar reglugerðar. Efnið er einnig þrávirkt, safnast fyrir í lífverum og er eitrad ásamt því að vera mjög þrávirkt efni og safnast fyrir í lífverum í miklum mæli í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í XIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 og uppfyllir því viðmiðanir fyrir færslu á skrá í XIV. viðauka við þá reglugerð sem settar eru fram í d- og e-lið 57. gr. þeirrar reglugerðar.
- 10) Efnið bik, úr háhitakoltjöru, uppfyllir viðmiðanir fyrir flokkun sem krabbameinsvaldandi efni (undirflokkur 1B) í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og uppfyllir þar af leiðandi viðmiðanir fyrir færslu á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 skv. a-lið 57. gr. þeirrar reglugerðar. Efnið er einnig þrávirkt, safnast fyrir í lífverum og er eitrad ásamt því að vera mjög þrávirkt efni og safnast fyrir í lífverum í miklum mæli í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í XIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 og uppfyllir því viðmiðanir fyrir færslu á skrá í XIV. viðauka við þá reglugerð sem settar eru fram í d- og e-lið 57. gr. þeirrar reglugerðar.
- 11) Efnahópurinn 4-(1,1,3,3-tetrametýlbútýl)fenól, etoxýlað, (sem nær yfir vel skilgreind efni og efni af óþekktri eða breytilegri samsetningu, flókin myndefni eða líffræðileg efni (UVCB-efni) fjölliður og raðkvæmi), eru efni sem hafa innkirtlatruflandi eiginleika við niðurbrot og niðurstöður rannsókna liggja fyrir um þessi efni sem benda til alvarlegra áhrifa á umhverfið. Sem slík gefa þau tilefni til sömu áhyggna og hljótast af öðrum efnum sem eru tilgreind í a- til e-lið 57. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 og uppfylla þar af leiðandi viðmiðanir fyrir færslu á skrá í XIV. viðauka við þá reglugerð sem settar eru fram í f-lið 57. gr. þeirrar reglugerðar.
- 12) Efnahópurinn 4-nónýlfenól, greinótt og línulegt, etoxýlað (þ.m.t. efni með línulega og/eða greinótta alkýlkeðju með kolefnistöluna 9 sem tengist með samgildum tengjum í stöðu 4 við fenól, etoxýlað, sem nær yfir UVCB-efni og vel skilgreind efni, fjölliður og raðkvæmi, þ.m.t. allar einstakar hverfur og/eða samsetningu þeirra) eru efni sem hafa innkirtlatruflandi eiginleika við niðurbrot og niðurstöður rannsókna liggja fyrir um þessi efni sem benda til alvarlegra áhrifa á umhverfið. Sem slík gefa þau tilefni til sömu áhyggna og hljótast af öðrum efnum sem eru tilgreind í a- til e-lið 57. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 og uppfylla þar af leiðandi viðmiðanir fyrir færslu á skrá í XIV. viðauka við þá reglugerð sem settar eru fram í f-lið 57. gr. þeirrar reglugerðar.
- 13) Þessi efni hafa verið tilgreind og sett á skrá yfir umsóknarefni í samræmi við 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006. Samkvæmt tilmælum Efnastofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Efnastofnunin) frá 6. febrúar 2014 ⁽¹⁾ og 1. júlí 2015 ⁽²⁾ hafa efnin enn fremur verið sett í forgang að því er varðar færslu á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 í samræmi við 58. gr. þeirrar reglugerðar. Framkvæmdastjórnin hefur að auki móttakið upplýsingar um félagsleg og hagræn áhrif gegnum fjölda framlagninga hagsmunaaðila eftir viðtöku fimmtu tilmæla Efnastofnunarinnar eða gegnum samráð við almenning sem fram fór samhliða samráði Efnastofnunarinnar við almenning varðandi drög að sjöttu tilmælum hennar. Þrátt fyrir móttæknar upplýsingar er rétt að færa þessi efni á skrá í þeim viðauka.
- 14) Rétt þykir að tilgreina dagsetningarnar, sem um getur í ii. lið c-liðar 1. mgr. 58. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, í samræmi við tilmæli Efnastofnunarinnar frá 6. febrúar 2014 og 1. júlí 2015. Þær dagsetningar hafa verið tilgreindar á grundvelli áætlaðs, nauðsynlegs undirbúningstíma fyrir umsókn um leyfi, með tilliti til þess hvaða upplýsingar eru tiltækar um hvert efni og til þeirra upplýsinga sem bárust meðan á samráði við almenning stóð í samræmi við 4. mgr. 58. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006. Í því samhengi ætti einnig að taka tillit til getu Efnastofnunarinnar til að fara yfir umsóknir innan þess frests sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1907/2006, eins og kveðið er á um í 3. mgr. 58 gr. þeirrar reglugerðar.
- 15) Fyrir hvert þeirra efna sem skráð er í viðaukann við þessa reglugerð er engin ástæða fyrir því fastsetja ekki dagsetninguna, sem um getur í i. lið c-liðar 1. mgr. 58. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, síðar en 18 mánuðum eftir dagsetninguna sem um getur í ii. lið c-liðar 1. mgr. 58. gr. þeirrar reglugerðar.

⁽¹⁾ http://echa.europa.eu/documents/10162/13640/5th_a_xiv_recommendation_06feb2014_en.pdf

⁽²⁾ http://echa.europa.eu/documents/10162/13640/6th_a_xiv_recommendation_01july2015_en.pdf

- 16) Í e-lið 1. mgr. 58. gr., í tengslum við 2. mgr. 58. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, er kveðið á um þann möguleika að undanþágur séu veittar vegna notkunar eða notkunarflokka ef viðeigandi eftirlit með áhættu er tryggt með lágmarkskröfum í sértækri löggjöf Sambandsins um heilsuvernd manna eða umhverfisvernd. Í samræmi við fyrirliggjandi upplýsingar er ekki rétt að veita undanþágur á grundvelli þessara ákvæða.
- 17) Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum er ekki rétt að veita undanþágur fyrir rannsóknir og þróunarstarfsemi vegna vöru og vinnslu.
- 18) Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum er ekki rétt að ákveða endurskoðunartímabil vegna tiltekinnar notkunar. Í samræmi við 8. mgr. 60. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 skal ákvarða endurskoðunartímabil í hverju tilviki fyrir sig, m.a. með tilliti til þeirrar áhættu sem stafar af notkun efnisins, félagslegs og hagræns ávinnings sem hlýst af notkun þess og greiningar á staðgöngukostum eða hvers kyns staðgönguáætlun sem lögð er fram vegna þeirrar notkunar sem óskað er leyfis fyrir. Í tilvikum þar sem enginn heppilegur staðgöngukostur er fyrir hendi, áhættan sem stafar af notkuninni er takmörkuð með viðeigandi og skilvirkum ráðstöfunum til áhættustjórnunar og þegar búast má við að ávinningurinn sem hlýst af notkuninni verði mikill, sem kann að vera reyndin að því er varðar notkun til framleiðslu á lyfjum eða lækningatækjum, gæti endurskoðunartímabilið verið langt.
- 19) Í því skyni að koma í veg fyrir ótímabæra úreldingu hluta sem eru ekki lengur framleiddir eftir lokadagana, sem um getur í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006, þurfa sum efni (ein og sér eða í blöndum), sem eru skráð í þann viðauka, að vera tiltæk fyrir framleiðslu á varahlutum til viðgerða á viðkomandi hlutum ef slíkir hlutir virka ekki sem skyldi án þeirra varahluta og einnig ef sum efni í XIV. viðauka (ein og sér eða í blöndum) eru nauðsynleg til viðgerða á slíkum hlutum. Í þessu skyni ætti að einfalda umsóknir um leyfi til notkunar á efnum í XIV. viðauka til framleiðslu á slíkum varahlutum og til viðgerða á slíkum hlutum. Rýmka ætti umbreytingarfyrirkomulagið, sem gildir um efni sem þessi notkun á við um, þannig að unnt sé að samþykkja framkvæmdarráðstafanir fyrir slíkar einfaldaðar umsóknir um leyfi.
- 20) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1907/2006 til samræmis við það.
- 21) N,N-dímetylformamíð (DMF) uppfyllir viðmiðanir fyrir flokkun sem efni sem hefur eituráhrif á æxlun (undirflokkur 1B) í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og uppfyllir þar af leiðandi viðmiðanir fyrir færslu á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 skv. c-lið 57. gr. þeirrar reglugerðar. Efnið hefur einnig verið tilgreint og fært á skrá yfir umsóknarefni í samræmi við 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 og sett í forgang að því er varðar færslu á skrá í XIV. viðauka við þá reglugerð samkvæmt tilmælum Efnastofnunarinnar frá 6. febrúar 2014 í samræmi við 58. gr. þeirrar reglugerðar. N,N-dímetylformamíð hefur svipaða eðliseiginleika og N,N-dímetylasetamíð (DMAC) og N-metyl-2-pýrrólídón (NMP) og efni þrjú geta talist vera hugsanleg staðgönguefni að því er varðar suma meginnotkun þeirra. N-metyl-2-pýrrólídón fellur undir yfirstandandi málsmeðferð varðandi takmörkun í samræmi við 69. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006. Í ljósi þess hversu svipuð þessi þrjú efni eru, bæði að því er varðar eðliseiginleika þeirra og notkun í iðnaði, og til að tryggja samræmda stjórnáslunálgun telur framkvæmdastjórnin rétt að fresta ákvörðun um færslu N,N-dímetylformamíðs á skrá í XIV. viðauka, eins og þegar hefur verið gert að því er varðar N,N-dímetylasetamíð þegar framkvæmdastjórnin tók til greina tilmæli Efnastofnunarinnar frá 17. janúar 2013.
- 22) Díasen-1,2-díkarboxamíð (C,C'-asódí(formamíð)) (ADCA) uppfyllir viðmiðanir fyrir flokkun sem öndunarferanæmir (Næm.öndunarf. 1). Með tilliti til allra fyrirliggjandi upplýsinga um eðliseiginleika díasen-1,2-díkarboxamíð (C,C'-asódí(formamíðs)) og um skaðleg áhrif þess komst Efnastofnunin að þeirri niðurstöðu að hægt sé að líta á það sem efni sem niðurstöður rannsókna liggja fyrir um sem bendi til alvarlegra áhrifa á heilbrigði manna, sem gefi tilefni til sömu áhyggna og hljótast af öðrum efnum sem eru tilgreind í a- til e-lið 57. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, og uppfylli þar af leiðandi viðmiðanir fyrir færslu á skrá í XIV. viðauka við þá reglugerð sem settar eru fram í f-lið 57. gr. þeirrar reglugerðar. Efnið hefur einnig verið tilgreint og fært á skrá yfir umsóknarefni í samræmi við 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 og sett í forgang að því er varðar færslu á skrá í XIV. viðauka við þá reglugerð samkvæmt tilmælum Efnastofnunarinnar frá 6. febrúar 2014 í samræmi við 58. gr. þeirrar reglugerðar. Notkun á díasen-1,2-díkarboxamíð (C,C'-asódí(formamíði)) er mjög fjölbreytt og varðar margs konar mismunandi framleiðsluáætlun og má búast við að það leiði til mjög flókinna umsókna um leyfi. Þar eð reynsla af meðhöndlun leyfisumsókna sem varða víðtæka notkun er sem stendur enn takmörkuð er rétt að fresta enn um sinn ákvörðun um að færa díasen-1,2-díkarboxamíð (C,C'-asódí(formamíði)) á skrá í XIV. viðauka.
- 23) Tilteknar eldfastar keramíktrefjar úr álsílikati (Al-RCF) og eldfastar keramíktrefjar úr sirkonálsílikati (Zr-RCF) uppfylla viðmiðanir fyrir flokkun sem krabbameinsvaldandi efni (undirflokkur 1B) í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og uppfylla þar af leiðandi viðmiðanir fyrir færslu á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 sem settar eru

fram í a-lið 57. gr. þeirrar reglugerðar. Efnin hafa einnig verið tilgreind og færð á skrá yfir umsóknarefni í samræmi við 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 og sett í forgang að því er varðar færslu á skrá í XIV. viðauka við þá reglugerð samkvæmt tilmælum Efnastofnunarinnar frá 6. febrúar 2014 í samræmi við 58. gr. þeirrar reglugerðar. Trefjarnar sjálfar eru framleiddar á afar fáum iðnaðarstöðvum og þeim er almennt umbreytt beint innan sama framleiðsluferlis í hluti sem eru síðan notaðir í ýmiss konar búnað til iðnaðar til einangrunar gegn miklum hita sem getur leitt til töluverða váhrifa á starfsmenn. Hins vegar er notkun á hlutum úr trefjunum ekki háð leyfi samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1907/2006. Í því skyni að ákvarða hentugustu stjórnsýslunálgunina telur framkvæmdastjórnin rétt að fresta enn um sinn ákvörðun um færslu eldfastra keramiktréfja úr álsílikati og eldfastra keramiktréfja úr sirkonálsílikati í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006.

- 24) Bórsýra, dínatríumtetrabórat (vatnsfrítt), díbórþríoxíð og tetrabórdínatríumheptaoxíð (hýdrat) uppfylla viðmiðanir fyrir flokkun sem efni sem hafa eituráhrif á æxlun (undirflokkur 1B) í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og uppfylla þar af leiðandi viðmiðanir fyrir færslu á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 skv. c-lið 57. gr. þeirrar reglugerðar. Efnin hafa einnig verið tilgreind og færð á skrá yfir umsóknarefni í samræmi við 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 og sett í forgang að því er varðar færslu á skrá í XIV. viðauka við þá reglugerð samkvæmt tilmælum Efnastofnunarinnar frá 1. júlí 2015 í samræmi við 58. gr. þeirrar reglugerðar. Notkun á þessum efnum er enn fremur mjög fjölbreytt og varðar margs konar mismunandi framleiðsluiðnað og má búast við að það leiði til mjög flókinnar umsókna um leyfi. Þar eð reynsla af meðhöndlun leyfisumsókna sem varða víðtæka notkun er sem stendur enn takmörkuð er rétt að fresta enn um sinn ákvörðun um að færa þessi efni á skrá í XIV. viðauka.
- 25) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 133. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. júní 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Töflunni í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi færslur bætast við:

Færslunúmer	Efni	Eðlislægir eiginleikar, eða eiginleiki, sem um getur í 57. gr.	Umbreytingarfyrirkomulag		Undanþegin notkun (notkunarflokkar)	Endurskoðun artímabil
			Síðasti skiladagur fyrir umsóknir ⁽¹⁾	Lokadagur ⁽²⁾		
„32.	1-brómprópan (n-própýlbrómíð) EB-nr.: 203-445-0 CAS-nr.: 106-94-5	Hefur eiturhrif á æxlun (undirflokkur 1B)	á 4. janúar 2019	4. júlí 2020	—	—
33.	Dísópentýlþalat EB-nr.: 210-088-4 CAS-nr.: 605-50-5	Hefur eiturhrif á æxlun (undirflokkur 1B)	á 4. janúar 2019	4. júlí 2020	—	—
34.	1,2-bensendíkarboxýlsýra, dí-C6-8-greinóttir alkýlestrar, C7-auðug EB-nr.: 276-158-1 CAS-nr.: 71888-89-6	Hefur eiturhrif á æxlun (undirflokkur 1B)	á 4. janúar 2019	4. júlí 2020	—	—
35.	1,2-bensendíkarboxýlsýra, dí-C 7–11, greinóttir og línulegir esterar EB-nr.: 271-084-6 CAS-nr.: 68515-42-4	Hefur eiturhrif á æxlun (undirflokkur 1B)	á 4. janúar 2019	4. júlí 2020	—	—
36.	1,2-bensendíkarboxýlsýra, dípentýlester, greinótt og línuleg EB-nr.: 284-032-2 CAS-nr.: 84777-06-0	Hefur eiturhrif á æxlun (undirflokkur 1B)	á 4. janúar 2019	4. júlí 2020	—	—
37.	Bis(2-metoxýetýl)þalat EB-nr.: 204-212-6 CAS-nr.: 117-82-8	Hefur eiturhrif á æxlun (undirflokkur 1B)	á 4. janúar 2019	4. júlí 2020	—	—
38.	Dípentýlþalat EB-nr.: 205-017-9 CAS-nr.: 131-18-0	Hefur eiturhrif á æxlun (undirflokkur 1B)	á 4. janúar 2019	4. júlí 2020	—	—

Færslunúmer	Efni	Eðlislægir eiginleikar, eða eiginleiki, sem um getur í 57. gr.	Umbreytingarfyrirkomulag		Undanþegin notkun (notkunarflokkar)	Endurskoðun artímabil
			Síðasti skiladagur fyrir umsóknir ⁽¹⁾	Lokadagur ⁽²⁾		
39.	N-pentýl-ísópentýlþalat EB-nr.: — CAS-nr.: 776297-69-9	Hefur eiturhrif á æxlun (undirflokkur 1B)	4. janúar 2019	4. júlí 2020	—	—
40.	Antrasenólía EB-nr.: 292-602-7 CAS-nr.: 90640-80-5	Krabbameinsvaldandi (undirflokkur 1B)***, PBT-efni, vPvB-efni	4. apríl 2019	4. október 2020	—	—
41.	Bik, úr háhitakoltjöru. EB-nr.: 266-028-2 CAS-nr.: 65996-93-2	Krabbameinsvaldandi (undirflokkur 1B), PBT-efni, vPvB-efni	4. apríl 2019	4. október 2020	—	—
42.	4-(1,1,3,3-tetrametýlbútýl)fenól, etoxýlað (nær yfir vel skilgreind efni og UVCB-efni, fjölliður og raðkvæmi) EB-nr.: — CAS-nr.: —	Innkirtlatruflandi eiginleikar (f-liður 57. gr. — umhverfi)	4. júlí 2019	4. janúar 2021	—	—
43.	4-nónýlfenól, greinótt og línulegt, etoxýlað (efni með línulega og/eða greinótta alkýlkeðju með kolefnistöluna 9 sem tengist með samgildum tengjum í stöðu 4 við fenól, etoxýlað sem nær yfir UVCB-efni og vel skilgreind efni, fjölliður og raðkvæmi, þ.m.t. allar einstakar hverfur og/eða samsetning þeirra) EB-nr.: — CAS-nr.: —	Innkirtlatruflandi eiginleikar (f-liður 57. gr. — umhverfi)	4. júlí 2019	4. janúar 2021	—	—“

⁽¹⁾ Dagsetning sem um getur í ii.-lið c-liðar 1. mgr. 58. gr.

⁽²⁾ Dagsetning sem um getur í i.-lið c-liðar 1. mgr. 58. gr.

- Táknið „(*)“ er sett inn við dagsetninguna sem tilgreind er í dálknum „Síðasti skiladagur fyrir umsóknir“ fyrir eftirfarandi færslunúmer efna: 4, 5, 6, 7, 10, 11, 12, 14, 15, 16, 17, 18, 19, 20, 21, 22, 23, 25, 27, 28, 29, 30 og 31.
- Táknið „(**)“ er sett inn við dagsetninguna sem tilgreind er í dálknum „Lokadagur“ fyrir eftirfarandi færslunúmer efna: 4, 5, 6, 7, 10, 11, 12, 14, 15, 16, 17, 18, 19, 20, 21, 22, 23, 25, 27, 28, 29, 30 og 31.

4. Eftirfarandi athugasemdir er bætt við á eftir töflunni:

- „(*) Hinn 1. september 2019 fyrir notkun á efninu við framleiðslu á varahlutum til viðgerða á hlutum ef framleiðslu þeirra var hætt eða verður hætt fyrir lokadaginn sem tilgreindur er í færslunni fyrir það efni, ef efnið var notað við framleiðslu á þessum hlutum og hlutirnir virka ekki sem skyldi án viðkomandi varahlutar, og fyrir notkun á efninu (einu og sér eða í blöndu) til viðgerðar á slíkum hlutum ef efnið, eitt og sér eða í blöndu, var notað við framleiðslu á þessum hlutum og ekki er unnt að gera við hlutina án þess að nota viðkomandi efni.
- (**) Hinn 1. mars 2021 fyrir notkun á efninu við framleiðslu á varahlutum til viðgerða á hlutum ef framleiðslu þeirra var hætt eða verður hætt fyrir lokadaginn sem tilgreindur er í færslunni fyrir það efni, ef efnið var notað við framleiðslu á þessum hlutum og hlutirnir virka ekki sem skyldi án viðkomandi varahluta, og fyrir notkun á efninu (einu og sér eða í blöndu) til viðgerðar á slíkum hlutum ef efnið var notað við framleiðslu á þessum hlutum og ekki er unnt að gera við hlutina án þess að nota viðkomandi efni.
- (***) Uppfyllir ekki viðmiðanir til að flokkast sem krabbameinsvaldur ef það inniheldur < 0,005% bensó[a]pýren miðað við þyngd (Einecs-nr. 200-028-5)“
-